

## 9. fundur – Stjórnarfundur foreldrafélags Réttó - 7. maí 2019.

Mættir: Björk, Jóhann Gunnar, Arna, Baldvin, Íris, Gunnhildur Lilja, Erla, Brynja, Elísa, Ágúst og Guðrún.

Dagskráin:  
Starfsreglur  
Lokapartý – finn dagsetningu  
Foreldragjöld  
Fyrirlestrar  
Hverfarölt  
Lokaball – foreldrarölt  
SAMFOK – afstaða til símaleysi í skólum  
Gjöf til skólans

### Efni fundarins:

- **Starfsreglur.** Farið var yfir drög að starfsreglum fyrir foreldrafélags Réttarholtsskóla. Fram kom á fundinum að það er skylda samkvæmt grunnskólalögum að foreldrafélög setji sér starfsreglur. Á fundinum fór Björk yfir drögin og skapaðist nokkur umræða um bekkjarfulltrúa í starfsreglum. **Fram kom að erfitt væri að koma þessu á þar sem einungis eru bekkir í 8. bekk og því var lagt til að hafa þetta frekar árgangafulltrúa, var ákveðið að leggja þá breytingu til. Einnig var þess óskað að talað yrði um stjórnarfundir í stað félagsfunda því það þykir skýrara.** Nokkur umæða skapaðist um þá tillögu að stjórnin sé 7 manns og að aðrir séu nefndarmenn í stað þess að í dag er ekki gerður greinarmunur á hlutverkum eða mikilvægi þeirra. **Ákveðið var að gera ekki breytingar á drögum þrátt fyrir þetta. Þá var einnig nokkur umræða um það hvort ástæða er til að stjórnarmenn gefi kost á sér með formlegum hætti eða ekki. Farið verður yfir drögin í lokaboði stjórnar – eftir það verða þau send öllum foreldrum til kynningar.**
- **Lokaboð stjórnar** verður fimmtudaginn 23. maí.
- **Foreldrafélagsgjöld.** Því var velt upp hvort ástæða er til að senda áminningu um ógreidd félagsgjöld í mentor um leið og minnt verður á fyrirlestra foreldrafélagsins í maí.
- **Fyrirlestrar.** 8. maí, verður fyrirlestur frá KVAN og 22. maí, verður fyrirlestur frá Rannsókn og greiningu.
- **Hverfarölt.** Sagt var frá því að síðastliðið föstudagskvöld hefði verið þrjú prófukvöld fyrir hverfarölt. Foreldrar fóru í vestum og gengu um hverfið. Fyrirhugað er að skipulagt verði frekara rölt í hverfinu. Formenn tóku þátt og munu tilkynna um leið og fyrir liggur hvenær framhald verður á þessu.
- **Lokaball.** Fimmtudaginn 9. maí er lokaball nemenda í Réttarholtsskóla. Send verður á foreldrahópinn beiðni um að taka þátt í foreldrarölti.
- **SAMFOK** óskar eftir afstöðu foreldrafélagsins til símalaus skóla. Fram kom einnig hjá Jóhanni Gunnari að þetta væri til skoðunar og sagði hann frá nefndarvinnu hjá borginni um málið. Málið var rætt og var niðurstaða sú að foreldrafélagið styðja að aðgerðir í þá átt að minnka símanotkun nemenda verði skoðaðir og leiðir til þess fundnar.
- **Gjöf.** Rætt um gjöf til skólans. Jóhann Gunnar, ræðir við starfsfólk og kemur með tillögu í næstu viku.